



Ársfundur

23. mars 2026

Grand hótél Reykjavík

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is



Dagskrá

1 Ávarp formanns og skýrsla stjórnar

Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar

2 Starfsemi sjóðsins 2025

Guðmundur Þ. Þórhallsson, framkvæmdastjóri

3 Fjárfestingarstefna

Arne Vagn Olsen, forstöðumaður eignastýringar

4 Hluthafastefna

Arne Vagn Olsen, forstöðumaður eignastýringar

Dagskrárliðir bornir undir atkvæði fulltrúa í fulltrúaráði

5 Laun stjórnarmanna

Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnarmanna

Tillögur að stjórnarlaunum

6 Samþykktabreytingar

Tómas N. Möller, forstöðumaður lögfræðisviðs

4 Önnur mál

Fyrirtækjapjónusta, Jenný Ýr Jóhannsdóttir





Ávarp formanns og skýrsla stjórnar

Jón Ólafur Halldórsson,
formaður stjórnar

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is





Starfsemi sjóðsins 2025

Guðmundur Þ. Þórhallsson
framkvæmdastjóri

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is



Góð ávöxtun og traustur rekstur árið 2025

Samantekt - sameignardeild

- Góð nafnávöxtun, hækkanir á erlendum hlutabréfamörkuðum frá miðju ári
 - Nafnávöxtun 7,0%
 - Raunávöxtun 3,2%
- Nafnávöxtun eignaflokka
 - Erlend hlutabréf 7,7%
 - Erlend skuldabréf -1,1%
 - Innlend hlutabréf 8,8%
 - Innlend skuldabréf 8,8%
- Tryggingafræðileg staða í lok árs 2025 -5,4%, var í upphafi árs -4,3%
- Hrein eign sameignardeildar hækkaði um 104 milljarða á árinu og nam í árslok 1.524 ma.


Góð ávöxtun og traustur rekstur árið 2025

Samantekt – sameignardeild


- Ráðstafað var 54,7 ma. til innlendra og erlendra verðbréfakaupa
- Lánveitingar til sjóðfélaga 29,2 ma., þar af 10,8 ma. til fyrstu kaupa
- Lífeyrisgreiðslur aukast
 - Lífeyrisgreiðslur jukust um 11,0% og námu 43,8 ma.
 - 2.496 hófu töku eftirlauna á árinu
 - Í lok árs voru 28.970 sjóðfélagar á lífeyri
- Greiðslur til sjóðsins
 - Fjöldi greiðandi sjóðfélaga var 49.691
 - Greiðslur til sjóðsins jukust um 2,2% og námu 47,9 ma.
- Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sem hlutfall af eignum 0,13%, var 0,14% árið áður
- Umsýslukostnaður eigna sem hlutfall af eignum 0,30%, en var 0,31% árið 2024

Þróun hreinnar eignar til greiðslu lífeyris


Sameignardeild 2025 – í milljörðum króna



Fjöldi virkra sjóðfélaga




Iðgjöld ma.kr.




Lífeyrisgreiðslur og fjöldi á lífeyri

Mikil aukning á 10 árum

Fjöldi lífeyrisþega




Lífeyrisgreiðslur - ma.kr.



Hækkun lífeyrisgreiðslna

Lífeyrisgreiðslur hafa hækkað um 61% frá desember 2020 til mars 2026 vegna hækkunar réttinda og verðtryggingar. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 37%




Lífeyrisbyrði / Lífeyrishlutfall

Hlutfallið á milli greiddra iðgjalda til sjóðsins og lífeyrisgreiðslna til sjóðfélaga

Áhrifapættir:

- Hækkun lífeyrisréttinda 10% og 12%
- Verðtryggðar lífeyrisgreiðslur
- Nýir árgangar með aukin réttindi
- Fjölgun lífeyrisþega umfram greiðandi sjóðfélaga



Efnahagsreikningur sameignardeildar


Ma.kr.

	2025	2024
Innlend hlutabréf	207,4	194,7
Erlend hlutabréf	633,3	569,2
Erlend skuldabréf	129,8	125,5
Innlend skuldabréf	539,4	504,1
Bankainnstæður	11,1	14,5
Aðrar eignir	5,4	14,2
Skuldir	-1,9	-1,8
Samtals	1.524,3	1.420,5

Eignasamsetning í árslok

Sameignardeild 2025

- Ríkisskuldabréf – 10,1%
- Veðskuldabréf & fasteignatengd verðbréf – 19,5%
- Önnur skuldabréf – 6,1%
- Innlend hlutabréf – 13,3%
- Innlent laust fé – 0,5%
- Erlend hlutabréf – 39,2%
- Erlend skuldabréf – 11,3%



Fjárfestingartekjur

Sameignardeild – ma.kr.

	2025	Nafnáv.	2024	Nafnáv.
Innlend hlutabréf	16,3	8,8%	24,8	12,6%
Erlend hlutabréf	42,2	7,7%	87,7	18,7%
Erlend skuldabréf	-1,8	-1,1%	6,5	6,0%
Innlend skuldabréf	44,2	8,8%	37,9	7,9%
Aðrar fjárfestingatekj. – fjárfestingagj.	0,8		1,1	
Samtals	102,0	7,0%	158,1	12,4%

* *Gengisáhrif*


-58,6

+3,5




Ávöxtun eignaflokka

Árleg 10 ára nafnávöxtun eignaflokka 2016-2025



Raunávöxtun sameignardeildar


Árleg raunávöxtun tímabila



Ráðstöfunarfé til fjárfestinga

Í milljörðum króna

Ráðstöfun til nýfjárfestinga var 54,7 milljarðar króna



Rekstrarkostnaður


Í milljónum króna

	2025	2024
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.981	1.876
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,13%	0,14%
Umsýslugjöld til innlendra og erlendra eignastýrenda	0,30%	0,31%
Starfsfólk í árslok	67	60
Stöðugildi á árinu	65,2	60,6

Skipting skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar

Í milljónum króna


- Laun – 1.095 m.kr.
- Aðkeypt þjónusta & eftirlitsgjald – 354 m.kr.
- Launatengd gjöld – 276 m.kr.
- Afskriftir og rekstur húsnæðis – 129 m.kr.
- Ýmiss kostnaður – 142 m.kr.
- Fræðslu- og kynningarmál, vefur o.fl. – 90 m.kr.
- Upplýsingaveitur – 57 m.kr.




Séreignardeildir

Inngreiðslur

Fjöldi greiðanda í séreign



Iðgjöld ma.kr.




Góð ávöxtun séreignardeilda

	Stærð ma.kr.	Ávöxtun 2025	Ávöxtun 5 ár
Verðbréfastærð	25,1	7,3%	8,1%
Ævileið I	8,4	8,2%	7,0%
Ævileið II	5,8	8,1%	5,8%
Ævileið III	2,8	8,6%	5,1%
Samtals	42,1		

Hvað er tryggingafræðileg staða?

Mat á eignum og skuldbindingum sjóðsins



Helstu forsendur

- Ávöxtunarviðmið; 3,5% raunávöxtun
- Dánar- og eftirlífendatöflur (lífslíkur)
Hversu lengi lifa sjóðfélagar?
- Örorkutíðni

Ef neðangreindur munur er á eignum og skuldbindingum þarf að hækka eða lækka áunnin lífeyrisréttindi:

+/- 5% yfir 5 ára tímabil
+/- 10% í árslok


Tryggingafræðileg staða

Ma.kr.

	2025	2024
Áfallin staða	-94,8	-77,3
% af áföllnum skuldbindingum	-5,8%	-5,1%
Framtíðarstaða	-34,7	-18,9
% af framtíðarskuldbindingum	-4,5%	-2,5%
Heildar staða umfram skuldbindingar	-129,5	-96,2
% af heildarskuldbindingum	-5,4%	-4,3%

Tryggingafræðileg staða

Mælikvarði á hve vel sjóðurinn er í stakk búinn að standa undir skuldbindingum sínum




Tryggingafræðileg staða er metin ár hvert í tryggingafræðilegri athugun sem framkvæmd er af tryggingastærðfræðingi sjóðsins

Sjóðfélagi ber áhættu vegna ávöxtunar eigna sjóðsins sem og lýðfræðilega áhættu

Ef neðangreindur munur er á eignum og skuldbindingum þarf að hækka eða lækka áunnin lífeyrisréttindi:

+/- 5% yfir 5 ára tímabil
+/- 10% í árslok

Breyting á tryggingafræðilegri stöðu 2025



Staða 31.12.2024

Ávöxtun eigna


Nýjar örorku- og endurhæfingarlíkur

Verðbólga og vextir á áfallnar
skuldbindingar


Staða 31.12.2025



Breytingar á áunnum lífeyrisréttindum 2006 - 2025



Tilnefningar í stjórn



Tilnefningar í stjórn

Stjórn skipuð átta einstaklingum

Fjórir tilnefndir af VR

Þrír af Samtökum atvinnulífsins

Einn af Félagi atvinnurekenda

Tilnefningar VR

Aðalmenn

- Arnar Guðmundsson
- Drífa Snædal
- Guðmunda Ólafsdóttir
- Stefán Sveinbjörnsson

Varamenn

- Ólafur Reimar Gunnarsson

Tilnefningar Samtaka atvinnulífsins

Aðalmenn

- Jón Ólafur Halldórsson
- Páll Ásgrímsson
- Sigrún Helgadóttir

Varamenn

- Bjarni Már Gylfason

Tilnefningar Félags atvinnurekenda

Aðalmenn

- Guðrún Ragna Garðarsdóttir
-

Varamenn

- Páll Rúnar M. Kristjánsson
-

Skipan fulltrúaráðs

Aðildarsamtök sjóðsins starfrækja fulltrúaráð sem skipað er 50 fulltrúum

- VR skipar 25
- Samtök atvinnulífsins 23
- Félag atvinnurekenda 2



Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is



Fjárfestingarstefna

Arne Vagn Olsen,
forstöðumaður eignastýringar


Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is



Innlent efnahagsumhverfi 2025

- Hagvöxtur ársins 2025 nam 1,3% og var örlítið lægri en spár greiningaraðila gerðu ráð fyrir. Helsti drifkraftur hagvaxtar var kraftmikil einkaneysla sem óx að raungildi um 4,3%.
- Krónan styrktist um 0,7% á árinu. Krónan veiktist um 2,2% á móti evru en styrktist um 10,4% á móti bandaríkjadal.
- Verðbólga reyndist þrálát á árinu og var 4,5% í lok árs 2025 eftir að hafa verið á bilinu 3,9%-4,8% á vormánuðum.
 - Vaxtalækkunarferli Seðlabanka Íslands hélt áfram á fyrri hluta árs, en hægði svo á lækkunarferlinu samhliða þrálátri verðbólgu. Samtals voru fjórar vaxtalækkanir á árinu.


Þróun verðbólgu og stýrivaxta árið 2025



Innlendir verðbréfamarkaðir áttu misgott ár...

- Innlend hlutabréf áttu erfitt ár en viðmiðunarvísitala þeirra lækkaði um 5,9% á árinu. Töluverður munur var á ávöxtun stakra félaga, mörg þeirra skiluðu góðri ávöxtun (td. fjármálafyrirtæki og rekstrarfélög) en neikvæð ávöxtun nokkurra útflutningsfélaga dró vísitöluna niður
- Á skuldabréfamarkaði voru mestar breytingar á ávöxtunarkröfu styttri ríkisbréfa þar sem stutt óverðtryggð ríkisbréf lækkuðu mest í kröfu. Á móti hækkaði ávöxtunarkrafa lengri ríkisbréfa lítillega. Nafnávöxtun innlendu skuldabréfavísitölnunnar NOMXIBB var 7,5% árið 2025.


Innlend hluta- og skuldabréf 2025 (ISK)




...en erlend hlutabréf skiluðu áfram góðri ávöxtun...

- Erlend hlutabréf áttu, líkt og fyrri tvö ár, gott ár með um 20% ávöxtun mælt í USD en vegna veikingar USD var ávöxtun eignaflokksins 9,7% í krónum talið. Ávöxtunin var nokkuð dreifð á landssvæði og atvinnugreinar, en að mestu leidd af tæknigeiranum líkt og fyrri ár.
- Sveiflur voru á skuldabréfamörkuðum á síðasta ári í kringum breytta tollastefnu Bandaríkjanna. Ávöxtun skuldabréfa var þó ágæt í grunnmynt en ríflega 10% veiking USD hafði neikvæð áhrif og var því ávöxtun eignaflokksins -2,0% í krónum talið.

Erlend hluta- og skuldabréf 2025 (ISK)




Ávöxtun eignaflokka var í heildina góð...




...og eignasafn var umfram viðmið á árinu

Eignasafn samtryggingar




Nafnávöxtun sameignardeildar nam 7,0% á árinu 2025...

Fjárfestingartekjur námu rúmlega 102 ma. kr. samanborið við 158 ma. kr. á fyrra ári




...og skiptist nokkuð jafnt milli hluta- og skuldabréfa




Tiltölulega litlar breytingar gerðar á eignasamsetningu

Sameignardeild




Langtímaávöxtun sameignardeildar er góð...


Árleg hrein nafnávöxtun



Árleg hrein raunávöxtun



...og sama má segja um ávöxtun séreignaleiða



- **Ávöxtun Verðbréfastærðar** var 1,6% umfram viðmiðunarvísitölu á árinu
- **Ævileið I** skilaði 3,3% ávöxtun umfram viðmið á árinu
- **Ævileið II** skilaði 2,5% ávöxtun umfram viðmið á árinu
- **Ævileið III** skilaði 0,8% ávöxtun umfram viðmið á árinu

Fjárfestingarstefna 2026

Sameignardeild

Um er að ræða litlar breytingar frá eignastöðu 30.9. 2025

Mikilvægt er að hafa í huga að stefna til ársloka 2026 er mörgum forsendum náð

- Breytingar á mörkuðum hafa áhrif á innbyrðis vægi eignaflokka
- Fjárfestingatækifæri sem eru ófyrirséð við gerð stefnunnar

Eignaflokkur	Vægi 30.9.2025	Stefna 2026	Lágmark	Hámark
1. Ríkisskuldabréf	10,6%	10,4%	5%	30%
2. Veðskuldabréf og fasteignatengd verðbréf	20,1%	20,0%	10%	30%
3. Önnur skuldabréf	6,5%	6,3%	0%	15%
4. Innlend hlutabréf	12,9%	12,8%	7,5%	30%
5. Innlent laust fé	0,5%	0,4%	0%	10%
6. Erlend hlutabréf	38,5%	39,0%	10%	53%
7. Erlend skuldabréf	11,0%	11,1%	0%	40%
Samtals	100%	100%		



Viðamikilli vinnu við stefnumótun eignasafnsins er að ljúka

Stór verkefni unnin samhliða daglegri eignastýringu

Getum við náð meiri ávöxtun út úr eignasafninu?

- Við fengum þekkt erlent ráðgjafafyrirtæki (Mercer) til að rýna eignasafnið og markmið þess með okkur

Það þarf að vera jafnvægi milli áhættu og ávöxtunar

- Sjóðurinn þarf að henta öllum: Bæði þeim sem eru nýkomnir á vinnumarkað og þeim sem eru farnir að taka lífeyri

Niðurstaðan: Við erum á réttri leið

- Rýnin hefur leitt í ljós að eignasafn LIVE er nálægt því að vera „besta mögulega safnið“
- Við munum ekki gera stórar eða óvæntar breytingar, heldur fínstilla áherslur
- Áframhaldandi dreifing áhættu með því að fjárfesta amk um helmingi eigna erlendis

Ráðgert er að vinnunni ljúki um mitt ár 2026 með birtingu nýrrar fjárfestingarstefnu til lengri tíma.

Hvernig byrjar árið 2026?

Miklar sveiflur á markaði og óvissa


Erlendir markaðir

- Hlutabréfamarkaðir hafa byrjað árið sveiflukenndir vegna mikillar óvissu í miðausturlöndum


Innlendir markaðir

- Innlendir hlutabréfamarkaður byrjaði árið sterkt og var vísitalan upp um 6% í lok janúar en markaðurinn hefur gefið eftir síðustu vikur
- Væntingar eru um þráláta verðbólgu á fyrri hluta ársins en spár gera ráð fyrir hjöðnun þegar líður á árið

Erlend hluta- og skuldabréf frá áramótum (ISK)



Innlend hluta- og skuldabréf frá áramótum (ISK)



Hluthafastefna

Arne Vagn Olsen,
forstöðumaður eignastýringar



Hluthafastefna LV

Helstu efnisatriði

- Hluthafastefnan tilgreinir þau viðmið sem Lífeyrissjóður verzlunarmanna leggur áherslu á við meðferð eignarhalds í skráðum hlutafélögum. Stefnan tekur eftir atvikum einnig til óskráðra félaga
- Sjóðurinn gegnir eigendaskyldum sínum með virkum hætti og kemur ábendingum um rekstur og stefnu félaga auk bættra stjórnarháttanna á framfæri með beinum samskiptum við stjórn og/eða forstjóra og/eða á hluthafafundum.
- Við beitingu atkvæðisréttar styður LV tillögur sem sjóðurinn telur auka verðmæti hlutafjár og samræmast hagsmunum sjóðsins sem langtíma fjárfestir
- LV birtir upplýsingar um ráðstöfun atkvæðisréttar síns, á hluthafafundum skráðra félaga, á vef sjóðsins.

Hluthafastefna LV

Uppfærsla í febrúar 2026

- Á árinu 2025 fór fram ítarleg greiningarvinna tengt hugsanlegri markmiðssetningu í eignasafni varðandi annars vegar kolefnislosun og hins vegar Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
- Niðurstaðan að setja að svo komnu máli ekki sérstök markmið þessu tengdu – m.ö.o. óbreytt staða
- Samhliða því var ákveðið að uppfæra hluthafastefnu LV - tekin út grein 4d sem hvetur félög í eigu sjóðsins til að útskýra með hvaða hætti viðskiptalíkan og stefna sé í samræmi við Parísarsamkomulagið frá 2015
- Eftir sem áður er lögð áhersla á sjálfbærni og fjárhagslegt mikilvægi hennar

4 Sjálfbærniupplýsingar

- a) LV telur mikilvægt að félag setji sér sjálfbærnistefnu og veiti greinargóðar sjálfbærniupplýsingar í samræmi við gildandi lög og gild viðmið. Með sjálfbærniþáttum er hér vísað til umhverfisþátta, samfélagsþátta, mannréttinda og stjórnhátta.
- b) Varðandi inntak upplýsinga um sjálfbærni er vísað til ákvæða laga nr. 2/2006, einkum gr. 66 til 66-e. Einnig eftir því sem við á til inntaks tilskipunar ESB nr. 2022/2467 sem varðar sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja, tilskipunin fellur undir gildissvið EES-samningsins.
- c) Upplýsa skal um sjálfbærniþætti í skýrslu stjórnar/stjórnenda sem eru nauðsynlegir til að skilja áhrif félagsins á sjálfbærniþætti og það hvernig sjálfbærniþættir beir geta haft áhrif á þróun félagsins, árangur og stöðu. Þar er m.a. horft til:
 - i. útlitunar á viðskiptamódeli félagsins og stefnu í tengslum við fjárhagslega áhættu tengda sjálfbærniþáttum,
 - ii. tækifæra félagsins tengda sjálfbærniþáttum,
 - iii. þess hvernig viðskiptamódel félagsins og stefna tekur tillit til hagsmuna hagaðila og áhrif félagsins á sjálfbærniþætti,
 - iv. hvernig stefna félagsins hefur verið innleidd með tilliti til sjálfbærniþátta.
- d) ~~Æskilegt er að félög útskýri hvort og þá með hvaða hætti viðskiptalíkan og stefna sé í samræmi við aðlögun að sjálfbærni hagkerfi og takmörkun hnattrænnar hlýnunar við 1,5 °C í takt við Parísar-samkomulagið frá 12. desember 2015.~~



Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is



Starfskjarastefna

Óbreytt frá fyrra ári

[Á vef LV: Starfskjarastefna LV](#)

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is





Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnarmanna

2026 til 2027

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is



Tilnefningar í nefnd um laun stjórnarmanna

Gerir tillögu að launum stjórnar LV og nefndarmanna í endurskoðunarnefnd

Gr. 5.17 í samþykktum sjóðsins: “Á ársfundi skal kjósa fjóra einstaklinga og tvo til vara í nefnd um laun stjórnarmanna, til tveggja ára í senn. Þar af skal einn nefndarmanna vera formaður stjórnar sjóðsins.”

Ábending

Skipað var í nefndina á ársfundi sjóðsins í fyrra. Nú er endurskipað í hana til að hafa sama takt í formannaskiptum í stjórn LV og kjörtímabilum nefndarinnar.

Skipan nefndar um laun stjórnarmanna

Tilnefning Samtaka atvinnulífsins

- Formaður stjórnar LV tekur sæti í nefndinni
- Aðalmaður: Margrét K. Sigurðardóttir

Tilnefning Félags atvinnurekenda

- Varamaður: Anna Kristín Kristjánsdóttir

Tilnefning VR

- Aðalmaður: Jónas Yngvi Ásgrímsson
- Aðalmaður: Svanhildur Þórsteinsdóttir
- Varamaður: Harpa Sævarsdóttir



Tillögur að stjórnarlaunum

Jónas Yngvi Ásgrímsson,
formaður nefndar um laun
stjórnarmanna

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is



Upplýsingar og umræða

- Vísitala neysluverðs til verðtryggingar hækkaði um 4,3% á tímabilinu desember 2024 til desember 2025 (661,4/634,1). Meðaltal ársins 2025 hækkaði um 4,2% milli ára (648,8/622,7).
- Launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 7,0% á tímabilinu desember 2024 til desember 2025 (1100,1/1027,8). Meðaltal ársins 2025 samanborið við meðaltal ársins 2024 hækkaði um 7,9% (1084,0/1004,6).
- Fram kom að stjórn lífeyrissjóðsins hafi fundað 14 sinnum á árinu 2025.
- Jafnframt kom fram að almenn hækkun samkvæmt kjarasamningum ASÍ og SA var 3,5% í upphafi árs.

Nefndarmenn voru sammála um að miða hækkun launa stjórnar og fyrir setu í endurskoðunarnefnd við 3,5%. Nefndarmenn voru sammála um þá nálgun.

Tillaga nefndar um laun stjórnar og endurskoðunarnefndar

Til atkvæðagreiðslu á ársfundinum

Lagt er til að laun stjórnarmanna og nefndarmanna í endurskoðunarnefnd hækki um 3,50%.

Greiðslur breytast því með þessum hætti:

						Endurskoðunarnefnd	
Hækkunar- stuðull		Formaður	Vara- formaður	Með- stjórnandi	Varamaður á mánuði	Formaður	Aðrir nefndarmenn
1,0350	2026	497.863	373.397	248.931	37.340	156.397	78.198
1,0350	2025	481.027	360.770	240.513	36.076	151.108	75.554



Val á endurskoðanda

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is



Val á endurskoðanda

- Stjórn leggur til að KPMG verði áfram ráðinn endurskoðandi sjóðsins og áritunarendurskoðandi Hrafnhildur Helgadóttir löggiltur endurskoðandi hjá KPMG.



Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is



Samþykktabreytingar

Tómas N. Möller,
forstöðumaður lögfræðisviðs

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is



Kynning á tillögum að samþykktabreytingum

Tillögur stjórnar til framlagningar og afgreiðslu á ársfundi sjóðsins 23. mars 2026

Breytingarnar varða einkum:

- þróun lífeyrisafurða sameignardeildar sjóðsins
- textabreytingar sem ætlað er að auka skýrleika samþykktanna
- uppfærsla fjárhæða m.t.t. vísitölu neysluverðs (ekki efnisbreyting)
- uppfærslu á réttindatöflum fyrir réttindaávinnslu í viðauka A

Gr. 11.18 – Fella á brott grein sem varðar undanþágu vegna útreiknings á iðgjaldagreiðslutíma

Tillaga: Lagt er til að grein 11.18 falli brott úr samþykktum og að númer gr. 11.19 verði 11.18.

Grein 11.18 er svohljóðandi:

- „Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.“

Skýringar: Greininni hefur ekki verið beitt um árábil þar sem það er nokkuð óljóst í hvaða tilfellum á hún eigi við. Orkutap er alltaf miðað við upphaf veikinda og ef atvinnuleysi er fyrir orkutap þá er greitt í lífeyrissjóð af atvinnuleysisbótum og heimilt að skoða 8 ár fyrir orkutap samanber ákvæði 13.6 í samþykktum þessum.

Mat tryggingastærðfræðings á áhrifum breytinganna: Breytingin hefur engin áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Gr. 13.6 - Þriggja ára meðaltal framreiknings, heimild til lengra tímabils

Tillaga: Grein 13.6 breytist með eftirfarandi hætti:

- „Reynist þriggja ára meðaltal sjóðfélagans samkvæmt gr. 13.5 óhagstætt vegna sjúkdóma, eða atvinnuleysis, náms eða barneigna er heimilt að nota meðaltal átta almanaksára fyrir orkutapið og sleppa því almanaksári sem lakast er sem og því almanaksári sem hagstæðast er. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í skemmri tíma en átta ár fyrir orkutapið skal reikna út frá viðkomandi árafjölda.“

Skýringar: Rétt þykir að bæta við tilvísun til náms og barneigna sem ástæðu þess að mega skoða átta ár. Breytingin er til þess fallin að bæta rétt sjóðfélaga og gera sjóðnum betur kleift að mæta sérstökum aðstæðum þeirra.

Mat tryggingastærðfræðings á áhrifum breytinganna: Greininni er sjaldan beitt og áhrif af breytingunni eru talin hverfandi lítil.

Gr. 14.2 Lágmarksgreiðslutímabil

Tillaga varðandi gr. 14.2: Greinin breytist með eftirfarandi hætti:

- „Óskertur makalífeyrir skv. gr. 14.7. er ætíð greiddur eftirlifandi maka í minnst 36 48 mánuði og að hálfu í 24 mánuði til viðbótar.“

Skýringar: Lagt er til að greiða fullan makalífeyri í 4 ár. Það hefur ekki mælst vel fyrir að vera með fullan lífeyri í 36 mánuði og hálfan í 24 mánuði. Til einföldunar er lagt til að þess í stað verði greiddur fullur makalífeyrir í 48 mánuði sem er sami lífeyrir en kemur betur út fyrir sjóðfélagann.

Mat tryggingastærðfræðings á áhrifum breytinganna: Þessi breyting hefur um það bil 0,4% áhrif til hækkunar á skuldbindingu vegna makalífeyris. Áhrifin á stöðu sjóðsins eru 0,01% til veikingar.

Gr. 14.5 – Réttindi maka sem fæddur er fyrir 1945, árétting á orðalagi

Tillaga: Grein 14.5 breytist með eftirfarandi hætti:

- „Ef maki sjóðfélaga er fæddur fyrir 1945 á hann rétt á ævilöngum makalífeyri. Makalífeyrir reiknast samkvæmt gr. 14.7. en lækkar eftir 3 ár um 2% fyrir hvert ár, sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935 og 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940.“

Skýringar: Til áréttingar á inntaki greinarinnar, í takt við gildandi framkvæmd, er lagt til að fram komi að lífeyrir sé ævilangur og lækki um tiltekna hlutfallstölu eftir 3 ár. Hér er því ekki um efnisbreytingu að ræða.

Mat tryggingastærðfræðings á áhrifum breytinganna: Þessi breyting hefur ekki áhrif á stöðu sjóðsins.

Gr. 14.8 – Niðurfelling makalífeyris við hjúskap eða staðfesta samvist

Tillaga: Grein 14.8 ásamt fyrirsögn breytist með eftirfarandi hætti:

- „**Niðurfelling makalífeyris**
- Réttur til makalífeyris fellur ekki niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, eða stofnar til staðfestrar samvistar.”

Skýringar: Breyting þessi þykir vera í takt við breyttan tíðaranda. Lagt er til að réttur sjóðfélaga til makalífeyris vegna látins maka verði sjálfstæður réttur, óháð síðari hjúskaparstöðu eða sambúðarstöðu. Þá má leiða að því líkur að makalífeyrir sé mikilvægur réttur fyrir eftirlifandi maka til að aðlaga hagi sína að breyttum aðstæðum eftir maka missi. Þar skipti ekki sköpum þó maki giftist eða stofni til staðfestrar samvista.

Mat tryggingastærðfræðings á áhrifum breytinganna: Þessi breyting hefur smávægileg áhrif en kemur þó ekki fram í stöðu sjóðsins til veikingar. Gera má ráð fyrir því að hjá þeim sem eru með ævilangan lífeyri (fæddir fyrir 1945) séu litlar líkur á giftingu eftir fráfall maka. Hjá þeim sem yngri eru hefur þetta aðeins tímabundin áhrif (fjögur ár ef breytingatillagan nær fram að ganga). Ekki hefur verið tekið tillit til endurgiftinga hjá ekkjum eða ekkjum í tryggingafræðilegri úttekt, þannig að breytingin mun ekki hafa áhrif á tryggingafræðilega stöðu.

Gr. 15.1 – Fjárhæð barnalífeyris

1 af 3

Tillaga: Gr. 15.1. breytist með eftirfarandi hætti:

- „Barnalífeyrir vegna fráfalls
- Andist sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða í 6 mánuði á undanförunum 12 mánuðum, notið elli- eða örorkulífeyris eða öðlast rétt til framreiknings skv. gr. 13.5., og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 20 ára aldurs samkv. gr. 15.3. Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls er 56.905 kr., Fjárhæðin breytist mánaðarlega í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við 658,2 stig í janúar 2026.

Skýringar: Fjárhæð barnalífeyris vegna fráfalls foreldris er til skýrleika færð úr grein 15.3 í grein 15.1. Lagt er til að fjárhæð barnalífeyris vegna fráfalls tvöfaldist, þar sem fjárhæðin hefur eingöngu hækkað við vísitölu verðlags. Gildandi fjárhæð þykir ekki há í þessu samhengi.

Verðbættur barnalífeyrir skv. gildandi samþykktum er í desember 28.591 kr. og myndi hækka í 56.905 kr. nái breytingin fram að ganga. Fjárhæðir eru uppfærðar miðað við vísitölu neysluverðs í janúar 2026.

Mat tryggingastærðfræðings á áhrifum breytinganna: Um 25% af barnalífeyri í mati á framtíðarstöðu hefur verið vegna dauðsfalla. Með hækkandi örorkulíkum má reikna með því að talan lækki í nálægt 20%. Tvöföldun barnalífeyris vegna dauðsfalla hækkar þá barnalífeyri um líðlega 20%. Áhrifin á tryggingafræðilega stöðu eru lítil eða veiking upp á 0,04-0,05%.

Gr. 15.1 – Fjárhæð barnalífeyris

2 af 3

Tillaga: Gr. 15.2. breytist með eftirfarandi hætti:

- „Barnalífeyrir vegna örorku
- Sé sjóðfélaga sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins í 24 mánuði á síðustu 36 mánuðum eða uppfyllir skilyrði gr. 13.5.a. og gr. 13.5.b, úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, á hann rétt á barnalífeyri fyrir börn sín og kjörbörn fædd eða ættleidd fyrir orkutapið, svo og börn fædd á næstu 12 mánuðum þar á eftir. Sé örorka samkvæmt 13. grein metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri. Fullur barnalífeyrir vegna örorku er 28.453 kr.” Fjárhæðin breytist mánaðarlega í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við 658,2 stig í janúar 2026.

Skýringar: Fjárhæð barnalífeyris vegna örorku er til skýrleika færð úr grein 15.3 í grein 15.2. Jafnframt er fjárhæðin leiðrétt úr 22.117 kr. í 22.176 kr. Það byggir á því að árið 2006 voru gerðar samþykktabreytingar sem lutu að því að færa viðmið fyrir grundvallarlaunum yfir í vísitölu neysluverðs. Við þá breytingu kom smá skekkja varðandi fjárhæð barnalífeyris. Breytingin felur í sér leiðréttingu á þeirri óverulegu skekkju. Fjárhæðin er uppfærð miðað við vísitölu neysluverðs í janúar 2026

Mat tryggingastærðfræðings á áhrifum breytinganna: Áhrifin af þessari breytingu eru nær engin.

Gr. 15.1 – Fjárhæð barnalífeyris

3 af 3

Tillaga: Lagt er til að grein 15.3 ásamt fyrirsögn falli brott.

Greinin er nú svohljóðandi:

- „Fullur barnalífeyrir er 22.117 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæðin breytist mánaðarlega í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við 513,0 stig í janúar 2022. ”

Skýringar: Greinin er felld niður það sem hún er óþörf þar sem fjárhæðir í henni hafa verið færðar í greinar 15.1 og 15.2.

Mat tryggingastærðfræðings á áhrifum breytinganna: Áhrifin af þessari breytingu á 15.3 eru engin á tryggingafræðilega stöðu.

Gr. 16.4 – Formskilyrði varðandi umsókn um örorku- og makalífeyri

Tillaga: Grein 16.4, 1. málsgrein, breytist með eftirfarandi hætti:

- „Örorku- og makalífeyri skal ekki greiða lengur aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn barst sjóðnum. Umsókn telst ekki móttækin fyrr en öll tilskilin fylgigögn hafa borist sjóðnum. Greiðslur samkvæmt þessu ákvæði skulu vera á verðlagi hvers tíma. Vextir greiðast ekki á lífeyrisgreiðslur.“

Skýringar: Reynslan sýnir að sjóðfélagar skila gjarnan eingöngu umsókn um örorku- eða makalífeyri en ekki öðrum umbeðnum gögnum. Nýjum texta er ætlað að styðja við skýra framkvæmd um gildistíma umsókna. Breytingin á sér samsvörun í samþykktum annarra lífeyrissjóða.

Mat tryggingastærðfræðings á áhrifum breytinganna: Áhrifin af þessari breytingu á 16.4 eru engin á tryggingafræðilega stöðu.

Gr. 20.4.2 – Útgreiðsla séreignar

Tillaga: Breyta ártali í 62:

- „eða á þeim tíma sem vantar uppá 62 ára aldur.

Skýringar: Hér er um leiðréttingu að ræða m.t.t. 1. mgr. 14-a í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Fyrir mistök var vísað til sama viðmiðs og gildir fyrir almenna séreign.

Mat tryggingastærðfræðings á áhrifum breytinganna: Breytingin snýr að útgreiðslu séreignar og hefur engin áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Gr. 20.4.1, 20.4.2 og 19.3.2

Eingreiðsla almennrar séreignar og tilgreindrar séreignar

Tillaga: Greinarnar breytast með eftirfarandi hætti:

- „Óski rétthafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum útgreiðslutíma ef innistæðan er undir 1.896.830. Fjárhæðin breytist mánaðarlega í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðaða við 658,2 stig í janúar 2026.

Skýringar: Hér er lagt til að fjárhæð vegna eingreiðsluviðmiða breytist mánaðarlega í stað árlega. Sjóðfélagar eru í auknum mæli byrjaðir að taka út tilgreinda séreign við 62 ára aldur. Þessi breyting eykur að nokkru marki svigrúm þeirra til þess að nýta sér þá heimild. Fjárhæðir voru einnig uppfærðar miðað við vísitölu neysluverðs í janúar 2026.

Mat tryggingastærðfræðings á áhrifum breytinganna: Breytingin snýr að útgreiðslu séreignar og hefur engin áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Viðauki A – Réttindatöflur, hluti af samþykktum

Að tillögu tryggingastærðfræðings sjóðsins eru lagðar til breytingar á viðauka A við samþykktir sjóðsins: „Réttindatöflur, hluti af samþykktum“.

Tillögur:

i. Texti fyrir ofan réttindatöfluna orðist svo:

„VIÐAUKI A – Réttindatöflur, hluti af samþykktum

Réttindatöflur I og II, samanber gr. 11.1, gilda frá og með 1. janúar 2027. Töflurnar koma í stað áður gildandi réttindataflna nr. I til IV sem tóku gildi 1. janúar 2025.

Tafla I: Árleg lífeyrisréttindi frá 67 ára aldri fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem sjóðfélagi greiðir á hverju aldursári.“

ii. Texti fyrir neðan réttindatöfluna orðist svo:

„Réttindi í jafnri ávinnslu eru meðaltal réttinda 25 til og með 64 ára eða 1.174 krónur á ári fyrir hvert 10.000 króna iðgjald.


Forsendur:

- Vextir 3,5% reiknaðir einu sinni á ári (p.a.).
- Dánar- og eftirlifendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) frá árinu 2019 með sérhæfðu frádragi frá staðlaðri dánartíðni sem byggir á reynslu sjóðfélaga LV árin 2018-2022. Gert er ráð fyrir lækkandi dánartíðni sjóðfélaga til framtíðar skv. spá FÍT frá árinu 2021. Miðað er við aldurssamsetningu sjóðfélaga í árslok 2025.
- Örorkulíkur sem byggja á reynslu sjóðfélaga árin 2017-2023.

Kynjahlutfall: Karlar 52%. Konur 48%.

Viðauki A – Réttindatöflur, hluti af samþykktum

Munur á gildandi og nýrri réttindatöflu í mynd og tölum:



Skýringar:

Sérhæfð örorkutiðni, sem lögð er til grundvallar við mat á skuldbindingum sjóðsins, var uppfærð í árslok 2025 og byggir á nýgengi sjóðfélaga árin 2017-2023. Við breytinguna hækka framtíðar-örorkuskuldbindingar sjóðsins og framtíðarstaða sjóðsins veikist. Útreikningur á nýrri réttindatöflu byggir á nýrri sérhæfði örorkutiðni sjóðfélaga og kemur aldursháðri réttindaávinnslu sjóðsins aftur í jafnvægi, þar sem verðmæti réttinda er jafnt verðmæti iðgjalda.

Mat tryggingastærðfræðings á áhrifum breytinganna:

Framtíðarstaða sjóðsins styrkist um 1,7 prósentustig og verðmæti réttinda í aldursháðri réttindaávinnslu verður jafnt verðmæti iðgjalda.

Samanburður

Réttindatöflur

Aldur	Ný tafla	Gildandi tafla	Mis-munur	Aldur	Ný tafla	Gildandi tafla	Mis-munur
16	2.885	2.903	-18	43	1.114	1.149	-35
17	2.777	2.798	-21	44	1.083	1.117	-34
18	2.673	2.697	-24	45	1.053	1.087	-34
19	2.573	2.600	-27	46	1.026	1.057	-31
20	2.477	2.506	-29	47	999	1.030	-31
21	2.385	2.416	-31	48	974	1.003	-29
22	2.296	2.329	-33	49	951	977	-26
23	2.210	2.245	-35	50	928	953	-25
24	2.128	2.166	-38	51	907	930	-23
25	2.050	2.088	-38	52	886	908	-22
26	1.975	2.014	-39	53	867	887	-20
27	1.903	1.943	-40	54	848	865	-17
28	1.834	1.875	-41	55	831	846	-15
29	1.768	1.810	-42	56	814	827	-13
30	1.705	1.748	-43	57	797	808	-11
31	1.645	1.687	-42	58	781	790	-9
32	1.587	1.631	-44	59	765	772	-7
33	1.533	1.576	-43	60	750	755	-5
34	1.480	1.524	-44	61	735	737	-2
35	1.431	1.474	-43	62	720	720	0
36	1.384	1.427	-43	63	706	704	2
37	1.339	1.381	-42	64	691	687	4
38	1.296	1.338	-42	65	676	669	7
39	1.256	1.296	-40	66	661	652	9
40	1.217	1.257	-40	67	638	630	8
41	1.181	1.220	-39	68	616	609	7
42	1.146	1.184	-38	69	595	588	7





Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is



Önnur mál

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is





Fyrirtækjaþjónusta

Jenný Ýr Jóhannsdóttir

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is



**Fyrirtæki skila einum mestu hlunnindum
til starfsfólks í formi lífeyrissparnaðar**



Hvað eru fyrirtæki að gera í dag

Þegar kemur að lífeyrismálum?

Viðhorf

„Lífeyrismál er eitthvað
sem ég skoða við
starfslok“

Þekking

„Flókið, tímafrekt og
erfitt að skilja“

Ráðning

Starfslok



Hvað eru fyrirtæki að gera í dag

Þegar kemur að lífeyrismálum?

Viðhorf

„Lífeyrismál er eitthvað
sem ég skoða víð
starfslok“

Þekking

„Flókið, tímafrekt og
erfitt að skilja“

Ráðning

Hálfleikur

Starfslok



Barneignir

Fyrsta íbúð

Veikindi

Flutningur
erlendis

Andlát

Handbókin sem léttir mannauðsfólki lífið

Rafræn á live.is

Live » Launagreiðendur » Lífeyrishandbók mannauðsfólks

Leiðarvísir fyrir mannauðsfólk

Ráðning

Við upphaf ráðningarsambands er starfsfólk á mjög ólíkum stað í lífinu og með mismikla þekkingu á lífeyrismálum. Ráðning er því kjörið tækifæri til að leggja góðan grunn og tryggja að starfsmaður taki upplýstar ákvarðanir strax í upphafi.



Ráðning

Barneignir

Fyrsta íbúðin

Hálfleikur

Flutningur erlendis

Veikindi eða slys

Andlát

Starfslok



Handbókin sem léttir mannauðsfólki lífið

Rafræn á live.is

Live » Launagreiðendur » Lífeyrishandbók mannauðsfólks

Leiðarvísir fyrir mannauðsfólk

Ráðning

Við upphaf ráðningarsambands er starfsfólk á mjög ólíkum stað í lífinu og með mismikla þekkingu á lífeyrismálum. Ráðning er því kjörið tækifæri til að leggja góðan grunn og tryggja að starfsmaður taki upplýstar ákvarðanir strax í upphafi.



Lífeyrishandbók mannauðsfólks

Handbókin sem léttir mannauðsfólki lífið svo þau geti stutt starfsfólk, veitt fræðslu og skapað öryggi án þess að vera sérfræðingur í lífeyrismálum.

Nánar



Fræðslutorg

Skoðaðu myndbönd fyrir mannauðsfólk sem vill styrkja sína þekkingu á lífeyrismálum og Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Hér eru líka myndbönd sem henta mismunandi hópum starfsfólks.

Nánar



Ráðning

Barneignir

Fyrsta íbúðin

Hálfleikur

Flutningur erlendis

Veikindi eða slys

Andlát

Starfslok



**Þú hefur valkosti og getur
haft áhrif!**

Mismunandi niðurstaða við starfslok

Sömu laun yfir starfsævina



Jenný
Pællir ekkert

Lífeyrir: **612.000 kr.**

Tilgreind séreign: **0 kr.**

Séreign: **0 kr.**

Mismunandi niðurstaða við starfslok

Sömu laun yfir starfsævina




Jenný
Pælir ekkert

Lífeyrir: **612.000 kr.**

Tilgreind séreign: **0 kr.**

Séreign: **0 kr.**



Hildur
Pælarinn

Lífeyrir: **474.000 kr.**

Tilgreind séreign: **31,6 m.kr.**

Séreign 4%: **56,6 m.kr.**

Af hverju fyrirtækin?

- 01 Þau eru með sínu fólki á öllum tímamótunum
Stórum sem smáum
- 02 Þau eru fyrst til að vita
Fyrsta greiðslan, barneignir og veikindi
- 03 Fólk vill fá upplýsingar um lífeyrismál á vinnustaðnum
Könnun Maskínu fyrir LL





**Hafðu það gott
eftir vinnu!**





Lífeyrissjóður
verzlunarmanna